Norðurlandaráð

**Tilmæli** 27/2023
**Tillaga** A 1938/UHN
**Afgreiðsla** Norræna sjálfbærninefndin

# Þingmannatillaga um sameiginlegt átak um matvælaöryggi á Norðurlöndum

Samkvæmt 45. og 56. gr. Helsingforssamningsins samþykkti Norðurlandaráð þann 2. nóvember 2023 eftirfarandi tilmæli að tillögu norrænu sjálfbærninefndarinnar.

## Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að samhæfa betur rannsóknir og þróun á lífrænni ræktun og nytjaræktun auk ráðgjafar um ræktun sem tekur tillit til breyttra gróðuraðstæðna vegna loftslagsbreytinga á Norðurlöndum

að auka fæðuöryggi og sjálfsnægtastig Norðurlandabúa svo að löndin verði betur í stakk búin til að mæta loftslagsbreytingum, betur vernduð gegn kreppum og viðsjám og betur búin til að halda uppi sjálfbærri búfjárrækt og nytjarækt þrátt fyrir nýjar gróðuraðstæður,

að stuðla að því að norræna erfðaauðlindastofnunin NordGen haldi áfram að treysta fæðuöryggi á Norðurlöndum með hliðsjón af loftslagsbreytingunum og að þróa hlutverk hennar áfram

Ósló, 31. október 2023

Erkki Tuomioja
forseti Norðurlandaráðs

Kristina Háfoss
framkvæmdastjóri Norðurlandaráðs